

Selfossi, 21. desember 2017
1709077

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
Annas Jón Sigmundsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Varðar: Byggðakvóta fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri

Sveitarfélagið Árborg samþykkir eftirfarandi sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta fyrir Sveitarfélagið Árborg.

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Eyrarbakka og Stokkseyrar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

b) 2. mgr. 4. gr. fellur brott.

c) Ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður:

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.


Rökstuðningur:

Í byggðarlögunum Eyrarbakka og Stokkseyri háttar þannig til að ekki er hafnaraðstaða til löndunar afla. Nauðsynlegt er því að veitt verði undanþága frá þeirri skyldu að afla sem fellur til á grundvelli byggðakvóta sé landað í viðkomandi byggðarlagi. Verði slík undanþága veitt verður fiskiskipum, sem fá byggðakvóta úthlutað, unnt að landa afla í öðrum höfnum. Megináhersla laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og reglugerðar nr. 604/2017 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa er að styrkja atvinnusköpun innan byggðarlaga sem uppfylla tiltekin skilyrði með úthlutun byggðakvóta.

Í sveitarfélaginu eru reknar fiskvinnslur, tvær á Stokkseyri og ein á Eyrarbakka.

Fiskvinnslurnar eru allar litlar og sérhæfðar og því nauðsynlegt að heimilað verði að vinna aflann innan sveitarfélagsins til að koma í veg fyrir að byggðakvótinn falli niður.

Virðingarfyllst,



Ásta Stefánsdóttir

framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar



Sveitarfélagið
ÁRBORG